



888. fundur stjórnar GSÍ, 18. maí 2017 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Hansína Þorkeldsdóttir, Gunnar K. Gunnarsson, Kristín Guðmundsdóttir, Helgi Anton Eiríksson og Brynjar Eldon Geirsson ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. Ráðstefna í St. Andrews

Brynjar Eldon fór yfir helstu málefni sem rædd voru á ráðstefnunni “International Golf Conference” sem haldin var í Skotlandi í lok apríl. Meðal annars má nefna auknar kröfur við lyfjaprófunum eftir að golf varð Ólympíugrein. World handicap system og þær breytingar sem framundan eru á forgjafarkefi. “Why 18 holes”, hvernig bæta má kynjahlutföll í íþróttinni, breytingar á golfreglunum sem miða að því að einfalda allt regluverkið nánustu framtíð svo eitthvað sé nefnt.

3. Ný stefnumótum EGA

Haukur Örn kynnti stefnubreytingu EGA á gjaldskrá sinni sem ætlað er að efla mótahald EGA. Haukur Örn fór yfir þær tvær leiðir sem ræddar hafa verið tengt þessu en fundurinn tók stöðu með tillögu nr. 2 í skjalinu en frestur til þess að leggja fram athugasemdir til EGA rennur út þann 18. júlí næstkomandi. Málið verður því aftur rætt á næsta stjórnarfundum.

4. Samráðsfundir og fundur framkvæmdastjóra

Haukur Örn fór yfir þá samráðsfundi sem stjórn GSÍ hefur haldið á vormánuðum. Í framhaldinu upplýsti Brynjar Eldon fundinn um helstu málefni sem rædd voru á öðrum fundum framkvæmdastjóra sem haldinn var í Grindavík í síðustu viku.

5. Fjármál

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri GSÍ fór ítarlega yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun GSÍ og kynnti fyrir fundarmönnum þær breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrri áætlun og lagði áætlun síðan fram til samþykktar. Fundurinn samþykkti endurskoðaða áætlun einróma. Eggert Sverrirsson, sem ekki gat sótt stjórnarfundinn, hafði samþykkt áætlunina fyrir sitt leyti á fundi fjárhagsnefndar fyrr um daginn.

6. ÍSÍ þing - Helstu niðurstöður

Haukur Örn fór yfir nýjar áherslur í úthlutun afrekssjóðs ÍSÍ. Hann nefndi að enn eigi eftir að úthluta um 100 milljónum vegna þessa árs og að úthlutað yrði samkvæmt nýsamþykktum reglum. GSÍ átti sjö fulltrúa á þinginu en segja má að afrekssjóður og afrekstefna hafi verið í aðalhlutverki á ný loknu þingi.



7. Starfsreglur stjórnar GSÍ

Lagðar voru til samþykktar starfsreglur stjórnar GSÍ, sem áður höfðu verið kynntar. Stjórn samþykkti reglurnar með undirritun og verða þær settar á golf.is.

8. Íslandsmótið í Golfi árið 2019 og 2020 - Staðsetning

Nú liggur fyrir að í ár verður mótið haldið á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði og árið 2018 í Vestmannaeyjum hjá Golfklúbbi Vestmannaeyja. Vinna stendur nú yfir við stigskiptingu keppnisvalla en þeirri vinnu miðar vel áfram þó enn sé mikil vinna eftir. Allar líkur eru á því að ekki verði hægt að byrja að úthluta Íslandsmótinu eftir viðkomandi ferli á næstunni. Því hefur stjórn tekið þá ákvörðun að auglýsa eftir umsóknum fyrir mótið 2019 og 2020 og verður framkvæmdastjóra falið að senda út tilkynningu á klúbbana við fyrsta tækifæri. Umsóknum sem berast verður beint til mótanefndar til umfjöllunar og mun mótanefnd leggja fyrir stjórn tillögu að völlum sem halda ættu mótið.

Nú þegar hefur formleg umsókn borist frá Golfklúbbi Mosfellsbæjar varðandi Íslandsmótið árið 2020.

9. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri sagði frá ráðningu nýs mótastjóra GSÍ, Sigurðar Péturs Oddssonar.
- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir nýundirrituðum samstarfssamningi milli GSÍ og Háskólans í Reykjavík.

Ekki voru fleiri málefni tekin fyrir og fundi slitið kl. 19.15